

Hvað er Kristniboðs- sambandið?



Samband íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK), oft nefnt Kristniboðssambandið, eru landssamtök félaga innan þjóðkirkjunnar sem hafa það markmið að sýna kærleika Guðs í verki meðal þjóðanna.

SÍK var stofnað árið 1929 og hefur sent íslenska kristniboða til starfa í Kína, Eþíópíu og Keníu.

Kristniboðar eru karlar og konur sem vilja sinna boðunar- og líknarstarfi meðal framandi þjóða. Íslenskir kristniboðar eru kennarar, læknar, hjúkrunafræðingar, guðfræðingar, búfræðingar o.s.frv., fólk sem á persónulega trú á Jesú Krist.

SÍK er þáttakandi í verkefnum á sviði heilbrigðisþjónustu, menntunar og þróunaraðstoðar, auk þess að kenna guðfræði, fræða um kristna trú og aðstoða söfnuði.

Samhliða þessu er trúin á Jesú Krist boðuð. Hún veitir fólki nýjan styrk og lausn undan valdi illra afla.

Trúin gefur nýja lífsvon.

Skráning



Forsenda skráningar í KRUNG er þátttaka í Biblíuskólanum og sérstökum KRUNG undirbúningstímum. Þar fá nemendur kennslu í ýmsu praktísku er tengist ferðinni, t.d. um grunnatriði þróunarhjálp, yfirlit yfir sögu og menningu þess lands sem á að heimsækja o.fl.

Til að öðlast þátttökurétt í KRUNG-ferð þá gildir 80% mætingarskylda í bæði Biblíuskólann og KRUNG-kennsluna.

KRUNG-ferðirnar eru að öllu jöfnu aðeins ætlaðar þeim sem eru 18 ára og eldri.

Ferðast er um í bílum kristniboðsins og að jafnaði gíst í húsum þess, kynjaskipt gisting. Fararstjórar eru íslenskir kristniboðar sem hafa flestir búið um árabíl í landinu og þekkja tungumálið og menninguna mjög vel.

Veittar eru leiðbeiningar varðandi bólusetningar, fyrirbyggjandi lyf, tryggingar og öðru mikilvægu er snýr að sjálfri ferðinni.

*Allar nánari upplýsingar
á sik.is/krung*



Biblíuskóli SÍK og KRUNG



KRUNG


- kristniboðsferðir unga fólksins



SÍK hefur skipulagt KRUNG-ferðir til Afríku frá árinu 1996. Markmið ferðanna er að kynna fyrir íslenskum ungmennum um sögu og menningu framandi þjóð-flokka í Afríku um leið og tækifæri gefst til að kynnst og taka þátt í kristniboðsstarfi SÍK. Safarí, gönguferðir, krókóðilaveiðar og fleira skemmtilegt er að sjálfsögðu á dagskránni líka.

**Skráning og nánari
upplýsingar á sik.is/krung**

Bók bókanna



Biblían er Guðs orð og hefur að geyma sígilda speki og lykil að leyndardómum lífsins. Flestir eiga Biblíuna uppi í hillu en margir eru hálf feimnir við að lesa í henni og vita oft ekki hvernig á að skilja það sem þar stendur. Að Biblíuskóla SÍK standa reynslumiklir guðfræðingar og leikmenn sem eiga eftir að dýpka og bæta sýn þína og skilning á Biblíunni.

Námsefni Biblíuskólans



Hver er Guð? Hvernig getum við kynnst Guði? Hvað er samfélag heilagra? Hvernig eigum við að skilja Gamla testamentið? Hvernig tengjast Gamla og Nýja testamentið? Jesús, sannur Guð og lifandi maður. Líkami Krists, koma Guðsríkis, kærleikspjónusta. Eilíft líf með Jesú og sigur yfir dauða og þjáningum. Trúarbrögð, kirkjudeildir og trúfræði. Náðargjafir heilags anda. Gangan með Jesú - Aðventustund í miðborginni - GLS leiðtogaráðstefnan – Vormót nemenda.

Biblíuskólinn er öllum opin; líka þeim sem ætla ekki í KRUNG-ferðina.

**Skráning og nánari
upplýsingar á sik.is/krung**